

Ábendingar nefkoksræktana á Sýklafræðideild þrengdar

Upplýsingar á rannsóknabeiðnum um ástæðu sýnatöku eru iðulega takmarkaðar og stundum engar. Til að sjúklingurinn hafi fengið að njóta vafans hefur til þessa verið tekið við öllum nefkoksstrofum í almenna ræktun á Sýklafræðideild Landspítalans. Kostnaður við þessar rannsóknir hefur hins vegar aukist talsvert á undanförnum misserum. Þar sem raunverulegar ábendingar fyrir nefkoksstrok í bakteríu- og svepparæktanir eru fáar, hefur verið ákveðið að hafna nefkokssýnum í almenna bakteríu- og svepparæktun nema á rannsóknabeiðni komi skýrt fram að um rétta ábendingu sé að ræða.

Ábendingar fyrir ræktanir nefkoksstroka eru:

- 1) Leit að *Bordetella pertussis* hjá sjúklingum grunuðum um kíghósta.
- 2) Leit að *Neisseria meningitidis* hjá sjúklingum með heilahimnubólgu eða hjá einstaklingum sem hafa verið í nánasta umhverfi sjúklings með heilahimnubólgu.
- 4) Leit að sveppum hjá ónæmisbældum sjúklingum.
- 5) Leit að fjölonæmum pneumókokkum hjá sjúklingum með bráða miðeyrnabólgu sem ekki hefur lagast við hefðbundna sýklalyfjameðferð.
- 6) Leit að *Corynebacterium diphtheriae* hjá einstaklingi grunuðum um barnaveiki eða einstaklingum sem hafa umgengist einstakling með barnaveiki.
- 7) Leit að *Neisseria gonorrhoea* hjá sjúklingum grunuðum um lekandasýkingu í hálsi.

Vegna þess að *Streptococcus pneumoniae*, *Haemophilus influenzae* og *Moraxella catarrhalis* eru algengir í eðlilegu örveruflóru nefkoksins, þá er ekkert gagn af nefkoksræktunum til greiningar á sýkingum sem eru gjarnan af völdum þessara sýkla (sinusitis, bráð miðeyrnabólga og lungnabólga).

Öll sýni sem koma á deildina skulu skráð í GLIMS kerfið, en ekki skal innheimta neitt fyrir þau sýni. Senda skal svar á sendanda þar sem eftirfarandi texti kemur fram:

„Rétt ábending nefkoksstroks (sjá nánar á heimasíðu deildarinnar [www.....](#)) kemur ekki fram á beiðni og er sýnið því ekki tekið í ræktun“.

Geyma skal strokpinnann í a.m.k. 3 daga, til að gefa lækni tækifæri á að hafa samband og tilgreina rétta ábendingu, en eftir þennan tíma má farga honum.